

Dysnes í Hörgársveit, landfylling og höfn

Álit um matsáætlun

1 Inngangur

Þann 23. nóvember 2023 barst Skipulagsstofnun matsáætlun Hafnarsamlags Norðurlands bs. vegna umhverfismats við Dysnes í Hörgársveit, landfylling og höfn samkvæmt 21. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021, sbr. lið 2.01 og 10.09 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Akureyrarbæjar, Dalvíkurbyggðar, Hörgársveitar, Hafrannsóknastofnunar, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra, Landhelgisgæslu Íslands, Landsnets, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Orkustofnunar, Samgöngustofu, Umhverfisstofnunar og Vegagerðarinnar um matsáætlun Hafnarsamlags Norðurlands bs.

Matsáætlun var kynnt með auglýsingu í Morgunblaðinu 28. nóvember 2023 og var aðgengileg á Skipulagsgátt. Kynningartími matsáætlunar var frá 28. nóvember til 26. desember 2023.

2 Gögn lögð fram

Matsáætlun framkvæmdaraðila: Dysnes, landfylling og höfn í Hörgársveit. Matsáætlun. Hafnarsamlag Norðurlands og Mannvit nóvember 2022.

Umsagnir um matsáætlun bárust frá:

- Dalvíkurbyggð 14. febrúar 2024,
- Hörgársveit 25. janúar 2024,
- Hafrannsóknastofnun 2. janúar 2024,
- Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra 7. desember 2023,
- Landhelgisgæslu Íslands 22. desember 2023,
- Minjastofnun Íslands 19. desember 2023,
- Náttúrufræðistofnun Íslands 18. desember 2023,
- Orkustofnun 3. janúar 2024,
- Samgöngustofu 3. desember 2023,
- Umhverfisstofnun 1. febrúar 2024,
- Vegagerðinni 20. desember 2023,

Ekki bárust umsagnir frá Landsneti og Akureyrarbæ.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila þann 23. maí 2024.

3 Framkvæmd

Í matsáætlun framkvæmdaraðila eru kynnt áform Hafnarsamlags Norðurlands um uppbyggingu á hafnarsvæði við Dysnes í Eyjafirði og gerð grein fyrir hvernig staðið verði að mati á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar.



Gerð er grein fyrir uppbyggingu fjölbreyttrar starfsemi í tengslum við athafna-, hafnar- og iðnaðarsvæði í samræmi við gildandi skipulag svæðisins. Uppbygging hafnarsvæðis við Dysnes mun fela í sér gerð athafnasvæðis fyrir höfnina og framkvæmdir við hafnarkant og ölduvarnir á landfyllingu sem verður umlukin stálþili. Framkvæmdinni verður skipt í allt að fimm uppbyggingaráfanga og getur heildar tímarammi framkvæmda orðið allt að 6-8 ár. Um verður að ræða fjölbreyttar lóðir af mismunandi stærð sem unnt er að aðlaga að fjölbreyttri starfsemi. Stærð hafnarsvæðisins verður um 52 ha en athafna- og iðnaðarsvæðið verður um 34 ha.

Áætluð efnisþörf í fyrirhugaða landfyllingu er talin um 1.800.000 m³ og verður megin hluti þess unnin af sjávarbotni úr setmyndun við Bakkaeyri, skammt norðan fyrirhugaðs hafnarsvæðis. Auk þess kemur um 250.000 m³ af stórgrýti úr efnistökusvæðum á landi í grennd við fyrirhugað framkvæmdasvæði, samtals verður því heildar efnisþörf framkvæmdarinnar 2.050.000 m³.

Um framkvæmdalýsingu vísast að öðru leyti til matsáætlunar Hafnarsamlags Norðurlands.

4 Álit Skipulagsstofnunar

Skipulagsstofnun hefur farið yfir framlagða matsáætlun framkvæmdaraðila ásamt umsögnum og viðbrögðum við þeim í samræmi við 21. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Samkvæmt 3. mgr. 21. gr. laga nr. 111/2021 skal álit Skipulagsstofnunar fela í sér leiðbeiningar til framkvæmdaraðila um vinnslu, efni og framsetningu umhverfismatsskýrslu. Álit Skipulagsstofnunar er bindandi fyrir framkvæmdaraðila og skal hann leggja það til grundvallar umhverfismatsskýrslu ásamt matsáætlun. Að öðru leyti er kveðið á um kröfur til umhverfismatsskýrslna í 22. gr. laga nr. 111/2021 og 15. gr. reglugerðar um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 1381/2021.

Að neðan er gerð grein fyrir atriðum sem fjalla þarf um í umhverfismatsskýrslu umfram það sem tilgreint er í matsáætlun framkvæmdaraðila eða leiðir beint af kröfum í 21. gr. laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana og reglugerðar á grundvelli þeirra.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að Hafnarsamlag Norðurlands skal tryggja að umhverfismatið sé unnið af til þess hæfum sérfræðingum, sbr. 1. mgr. 22. gr. laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Umfang og áherslur mats á umhverfisáhrifum

Skipulagsstofnun bendir á að um er að ræða umfangsmikla framkvæmd sem samanstendur af mörgum framkvæmdaþáttum og því þarf mat á umhverfisáhrifum að taka mið af því.

Skipulagsstofnun telur að í matsáætlun komi ekki skýrt fram hvernig áhrif á tiltekna umhverfisþætti verði metin, þar sem framsetning áforma framkvæmdaraðila í matsáætluninni er almenn og óljós. Í ljósi þess bendir Skipulagsstofnun á að aðferðafræðin sem byggt er á og styðst við til að leggja mat á tiltekna umhverfisþætti þarf að vera skýr og í matsáætlun þarf almennt að koma fram lýsing á því hvernig fyrirhugað sé að standa að umhverfismati, s.s. hvaða gagna fyrirhugað er að afla, hvert verði rannsóknarsvæði, hver verði tímasetning athugana og tíðni mælinga, og hvernig verði úrvinnslu gagna háttáð.

Skipulagsstofnun telur brýnt að í umhverfismatsskýrslu verði gerð grein fyrir öllum þeim umhverfisþáttum sem mögulega verði fyrir áhrifum og í kjölfarið lagt mat á möguleg áhrif á viðkomandi umhverfisþátt.



Valkostir

Í matsáætlun framkvæmdaraðila kemur fram að við val á staðsetningu hafnarsvæðis við Dysnes hafi verið bornar saman mögulegar aðrar staðsetningar á Norðurlandi og hafi farið fram skoðun nokkurra umhverfispátta. Strandsvæði við Dysnes sé þekkt og fornleifaskráning liggja fyrir og landhalli svæðisins sé aflíðandi að sjó sem talið sé ákjósanlegt. Jafnframt sé svæðið í nálægð við mögulegt efnistökusvæði í sjó sem takmarki umhverfisáhrif efnisflutninga á landi. Auk þess sé Dysnes í nálægð við góðar stofnsamgöngur og liggja ekki nærri þéttri íbúabyggð. Aðrir valkostir koma því ekki til umfjöllunar í umhverfismatsskýrslu fyrir utan núllkost.

Skipulagsstofnun minnir á að við mat á umhverfisáhrifum skal gera grein fyrir raunhæfum valkostum sem framkvæmdaraðili hefur kannað og bera þá saman með tilliti til umhverfisáhrifa. Samanburður valkosta er mikilvægur liður í mati á umhverfisáhrifum til að draga eins og kostur er úr neikvæðum umhverfisáhrifum framkvæmdar. Í umhverfismatsskýrslu þarf að vera umfjöllun um aðra staðarvalkosti sem skoðaðir voru og rök fyrir því hvers vegna þeir voru afskrifaðir. Skipulagsstofnun bendir ennfremur á að mikilvægt er að umhverfismat framkvæmdarinnar verði nýtt til að bera saman umhverfisáhrif mismunandi valkosta sem taka til tiltekinnna framkvæmdaþátta og útfærslna þeirra. Slíkir valkostir geta falist í afmörkun efnistökusvæða í sjó þegar fyllri rannsóknir liggja fyrir og unnt er að taka afstöðu til útfærslu efnistökkunnar með hliðsjón af umhverfisáhrifum hennar.

Skipulagsstofnun minnir á að umfjöllun um núllkost felur í sér að gerð er grein fyrir líklegri þróun umhverfisins án þess að komi til framkvæmda.

Efnispörf og efnislosun

Í matsáætlun framkvæmdaraðila kemur fram að gróflega sé áætluð efnispörf í fyrirhugaða landfyllingu 2.050.000 m³ og sé ráðgert að taka meirihluta þess efnismagns úr í sjó í nágrenni við fyrirhugað framkvæmdasvæði, en stórgrýti þarf að flytja á svæðið á landi.

Í umsögn Orkustofnunar er bent á að fyrirhuguð efnistaka af hafsbotni, eða allt að 1,8 milljón m³, sé matsskyld framkvæmd ein og sér, sbr. tölulið 2.01 í 1. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Vekur stofnunin athygli á því að umfjöllun um þann hluta framkvæmdar sé takmörkuð s.s. upplýsingar um fyrirhugaða efnistökuáðferð og gruggmyndun og hvort og þá hvaða önnur starfsemi sé á eða í grennd við fyrirhugað efnistökusvæði. Þá skortir á upplýsingar um gerð og eiginleika sets, umfang og magn efnis á því svæði sem tilgreint er.

Skipulagsstofnun tekur undir með athugasemdum Orkustofnunar og bendir á að í umhverfismatsskýrslu þarf að gera ítarlega grein fyrir umfangi efnistökkunnar í heild og hve mikið magn er áformað að nýta úr hverju efnistökusvæði fyrir sig, hvert er núverandi heimilað heildarmagn sem nema má úr viðkomandi efnistökusvæði með vísan til númers og nafn efnistökusvæðis eins og það birtist í skipulagsáætlunum viðkomandi sveitarfélags. Gera þarf grein fyrir gerð þess efnis sem á að nýta, og upplýsingum um fyrirhugaða efnistökuáðferð. Auk þess þarf í umhverfismatsskýrslu að koma fram hversu mikið efni muni falla til við jarðvegsskipti, hvar og hve lengi efnið verður haugsett og hvernig það verður nýtt í kjölfarið.

Vatnshlot

Í matsáætlun Hafnarsamlags Norðurlands kemur fram að framkvæmdasvæðið við Dysnes sé innan grunnvatnshlotsins Eyjafjörður - IS277-G og telur framkvæmdaraðili að framkvæmdirnar hafi ekki áhrif á grunnvatnshlotið. Framkvæmdirnar séu einnig innan strandsjávarhlotsins Eyjafjörður 102-1365-C. Samkvæmt vatnavefsja sé vistfræðilegt ástand hlotsins mjög gott og umhverfismarkmið miða við að vistfræðilega og efnafræðilega sé ástand vatnshlotsins gott.



Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að ekki sé nægilega vel gætt að stefnumörkun vatnaáætlunar 2022-2027 í matsáætluninni og þarf að gera grein fyrir áætluninni og áhrifum framkvæmdarinnar á þá stefnumörkun sem er sett fram í henni og lögum um stjórn vatnamála. Gera þarf m.a. grein fyrir þeim áhrifum sem framkvæmdirnar kunnu að hafa á viðkomandi vatnshlot, hvort hætta sé á því að ástandi þeirra muni á einhvern hátt hnigna og hvort þau munu standast þau umhverfismarkmið sem hafa verið sett fyrir þau samkvæmt vatnaáætlun. Þetta áhrifamat þarf að uppfylla kröfur laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og reglugerðar nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun.

Í svari Hafnarsamlags Norðurlands kemur fram að í umhverfismatsskýrslu verði lagt mat á áhrif á vatnshlot í samræmi við lög um stjórn vatnamála.

Skipulagsstofnun leggur áherslu á að í umhverfismatsskýrslu verði birt niðurstaða mats á áhrifum á umhverfismarkmið vatnshlotanna. Stofnunin telur að rannsaka þurfi þá gæðapætti sem lagðir eru til grundvallar ástandsflökkun vatnshlotanna, þ.e.a.s. vistfræðilega, eðlisefnafræðilega og vatnsformfræðilega gæðapætti. Í umhverfismatsskýrslu þarf að liggja fyrir áhrifamat sem tekur til þeirra atriða sem koma fram í niðurlagi umsagnar Umhverfisstofnunar. Skipulagsstofnun leggur til að framkvæmdaraðili leiti nánari upplýsinga hjá Umhverfisstofnun um hvernig best sé að standa að umfjöllun, mati og framsetningu í umhverfismatsskýrslu á atriðum sem varða vatnshlot.

Landslag og ásýnd

Í matsáætlun kemur fram að gerðar verði líkanmyndir sem sýni fyrirhugað framkvæmdasvæði frá völdum sjónarhornum, til dæmis frá dvalarstöðum fólks, útsýnisstöðum, ferðaleiðum og fjölförnum vegum og áhrif á ásýnd metin út frá því.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar kemur fram að gera þurfi grein fyrir ljósmengun og ásýndarbreytingum við Dysnes eftir að framkvæmdum er lokið.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að í umhverfismatsskýrslu verður fjallað um ásýndarbreytingar á svæðinu og mögulega ljósmengun.

Skipulagsstofnun gerir athugasemdir við áform framkvæmdaraðila um umfjöllun og mat á áhrifum fyrirhugaðra framkvæmda á landslag og ásýnd. Við mat á sjónrænum áhrifum framkvæmdarinnar þarf að tryggja vandaða myndræna framsetningu og setja fram skýr rök fyrir vali sjónarhorna mynda sem sýna og greina aðstæður á svæðinu fyrir framkvæmdir og að þeim loknum. Stofnunin telur að myndir sem gerðar eru í þrívíddarlíkani gefi ekki nægilega raunsanna mynd af umhverfi og þurfi því að færa fyrirhuguð mannvirki inn á ljósmyndir sem sýni ásýnd framkvæmdasvæðisins fyrir og eftir framkvæmdir. Skipulagsstofnun telur brýnt að vel sé staðið að gerð ásýndarmynda sem sýni raunverulegt umfang mannvirkja og samspil þeirra við áhrifasvæði framkvæmdarinnar, auk þess að gerð verði grein fyrir mögulegri ljósmengun á rekstrartíma.

Lífríki sjávar og fjöru og fuglalíf

Í matsáætlun framkvæmdaraðila kemur fram að áhrif á lífríki verði fyrst og fremst á framkvæmdatíma vegna uppbyggingar hafnarsvæðis við Dysnes og vegna fyrirhugaðrar efnistöku í sjó en einnig á rekstrartíma vegna umferðar skipa um höfnina. Tekin verði þrjú sýni á 3-4 stöðum og rannsakað hvaða tegundir finnast í sjó og við framkvæmdasvæðið. Einnig kemur fram að við vinsun umhverfisþátta hafi ekki verið talin sérstök þörf á að skoða áhrif á fugla í umhverfismatinu.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar er bent á að efnistaka í hafi, hafi gífurleg mikil umhverfisáhrif á lífríki sjávar og raski búsvæðum botndýra. Fram þarf að koma hvort fyrirhuguðu námasvæði séu t.d. hrygningarsvæði, uppeldisstöðvar sjávarlífvera eða mikilvæg fæðusvæði fyrir aðrar lífverur. Kanna þarf áhrif efnistökkunnar á lífríki hafsbotnsins, á fuglalíf og þá sérstaklega sjófugla og hvort fæðustöðvar þeirra séu í eða við efnistökusvæðin. Mikilvægt sé að dregið verði sem mest úr



gruggmengun við efnistöku til að minnka áhrif þess á lífríki þ.m.t. í vatnsbolnum. Gruggmengun geti einnig truflað fæðunám sjófugla. Vegna þessa sé þörf á að gera grein fyrir hafstraumum utan við Dysnes til að átta sig á mögulegri dreifingu gruggs í hafi. Einnig kemur fram að stofnunin sé ósammála að ekki verði gerð grein eða lagt mat á áhrif á fugla við mat á umhverfisáhrifum. Kanna þarf fuglalíf á mólendi/votlendi svæðisins sem fer undir athafna- og iðnaðarsvæði og gera grein fyrir fuglum og mögulegum fæðustöðvum við strandlengju Dysness. Einnig þarf að skoða möguleg áhrif framkvæmda á Hörgárósa sem eru á náttúruminjaskrá m.a. vegna fugla.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að fjallað verði um möguleg áhrif efnistöku í sjó og hafstrauma utan við Dysnes í umhverfismatsskýrslu og bætt við umfjöllun um fuglalíf á svæðinu og möguleg áhrif á Hörgárósa.

Skipulagsstofnun bendir á að fyrirhuguð hafnarframkvæmd og landfylling er í mikilli nálægð við Hörgárósa sem er svæði nr. 506 á náttúruminjaskrá. Forsendur fyrir vernd svæðisins eru m.a. Ósasvæði Hörgár ásamt Gáseyri neðan bæjanna Óss og Skipalóns með fjörum og grunnsævi. Tjarnir, flæðimýrar og strandgróður. Skammt sunnan við Hörgárósa er friðlýsti fólkvangurinn Krossanesborgir þar sem forsendur verndar eru m.a. að vernda mikilvægan varpstað fjölda fuglategunda.

Skipulagsstofnun bendir á að í kafla 5.3.1. koma fram ýmsar matsspurningar sem eru góðra gjalda verðar, en óljóst er með hvaða hætti þeim verður svarað. Þau gögn sem eru fyrirleggjandi skv. matsáætlun virðast ekki vera þess eðlis að hægt sé að byggja svör við fyrrnefndum spurningum á þeim. Skipulagsstofnun telur því að ráðast þurfi í rannsóknir á lífríki sjávar og fjöru sem og fuglalífi vegna fyrirhugaðrar efnistöku og hafnarframkvæmda. Stofnunin tekur að öðru leyti undir með Náttúrufræðistofnun um mat á áhrifum á lífríki sjávar. Í umhverfismatsskýrslu þar að koma fram hvort fyrirhuguð efnistökusvæði í sjó séu t.d. hrygningarsvæði, uppeldisstöðvar sjávarlífvera eða mikilvæg fæðusvæði fyrir aðrar lífverur og leggja mat á áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á allar sjávarlífverur sem og lífríki fjöru. Gera þarf grein fyrir hafstraumum utan við Dysnes og leggja mat á mögulega dreifingu gruggs í hafi. Skipulagsstofnun telur brýnt að í umhverfismatsskýrslu verði lögð fram áætlun um vöktun á lífríki sjávarbotns og fjöru á rekstartíma auk þess sem gera þarf grein fyrir mengun við hafnarsvæðið og hvernig hún mun aukast með aukinni komu skipa við höfnina, en vel er þekkt t.d. mengun af völdu ásætuvarna sem eiga sér rætur að rekja til skipamálningar. Einnig þarf í umhverfismatsskýrslu að leggja mat á áhrif framkvæmdarinnar á dýralíf, þ.m.t. fugla, fiska, seli og botndýralíf á áhrifasvæði framkvæmdarinnar. Gera þarf grein fyrir því hvaða dýrategundir nýta áhrifasvæðið, hvernig svæðið er nýtt og mikilvægi svæðisins fyrir viðkomandi dýralíf. Leggja þarf mat á áhrif framkvæmdarinnar á dýrin, búsvæði þeirra og eftir atvikum farleiðir og mengunarálág, bæði á framkvæmda og rekstartíma. Við matið þarf m.a. að horfa til rannsókna á hafstraumum og öldufari.

Gróður og vistgerðir

Í matsáætlun kemur fram að áhrif á vistgerðir verða metnar út frá vistgerðakortlagningu Náttúrufræðistofnunar Íslands þar sem kemur fram flokkun, verndargildi og tegundir innan svæðis.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar er bent á að kanna þurfi gróður og vistgerðir, þ.m.t. strandgróður og strandvistgerðir á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði, en um sé að ræða mólendi/votlendi, sjávarbakki/malarströnd og strandsvæði.

Í umhverfismatsskýrslu þarf að gera ítarlega grein fyrir áhrifum framkvæmdar á gróður og vistgerðir, m.a. hversu umfangsmikil svæði viðkomandi vistgerða koma til með að raskast. Í því sambandi þarf að líta til bæði beinna áhrifa vegna rasks og mögulegra óbeina áhrifa, t.d. vegna breyttra vatnsskipta þ.m.t. á fjöruvistgerðir og strandgróður á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði, en um er að ræða mólendi/votlendi, sjávarbakki/malarströnd og strandsvæði. Skipulagsstofnun telur



að svo unnt sé að leggja mat á áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á vistgerðir þurfi að gera ráð fyrir að fram fari úttekt á vettvangi og að niðurstöður hennar verði birtar í umhverfismatskýrslu.

Siglingar og hafnarstarfsemi

Í matsáætlun er ekki gert ráð fyrir að meta áhrif framkvæmdar á siglingar og öryggi sjófarenda.

Í umsögn Landhelgisgæslu Íslands kemur fram varðandi siglingaöryggi að siglingaleiðin um Eyjafjörð sé djúp og hrein og ágætlega merkt með vitum og duflum til siglingaleiðsagnar. Þar sem gera megi ráð fyrir umferð erlendra skipa til fyrirhugaðrar hafnar á Dysnesi, þar sem skipstjórnarmenn séu ókunnir staðháttum, þá sé mikilvægt að gæta þess að hafnarmannvirki séu vel merkt með sjómerkjum sem og mögulegar siglingahættur í siglingaleið til hafnarinnar og í nágrenni við hana. Landhelgisgæsla Íslands veitir fúslega frekari upplýsingar um málið sé eftir því leitað.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að í umhverfismatskýrslu verður fjallað um merkingar, siglingaleiðir og mögulegar siglingahættur í siglingaleið til hafnarinnar um Eyjafjörðinn. Haft verður samráð við Landhelgisgæslu Íslands þar um ef þörf krefur.

Skipulagsstofnun telur mikilvægt að framkvæmdaraðili fylgi þeim athugasemdum sem fram koma í umsögn Landhelgisgæslunnar við mat á áhrifum framkvæmdarinnar á siglingar. Stofnunin gerir ekki athugasemdir við áform um umfjöllun og mat á siglingar og hafnarstarfsemi í umhverfismatskýrslu.

Menningarminjar

Í matsáætlun kemur fram að í umhverfismatskýrslu verði sýnd afstaða framkvæmda til skráðra og þekktra minja og metin áhrif fyrst og fremst af beinu raski við framkvæmdir. Í umhverfismatskýrslu verður greint frá niðurstöðum skráninga og lagt mat á hversu mikil hætta skapast á að minjar raskist við framkvæmdir.

Í umsögn Minjastofnunar Íslands er bent á að innan framkvæmdasvæðisins séu fornleifar sem fundust sumarið 2017 og voru ekki skráðar við fornleifaskráningu árið 2016. Þær þarf að rannsaka frekar. Fyrst þarf að mæla þær upp af fornleifafræðingum og í kjölfarið þarf Minjastofnun að leggja mat á áhrif framkvæmdanna á minjarnar og leggja til mótvægisáðgerðir þar sem við á. Minjastofnun bendir á að í umfjöllun um verndarsvæði er sérstaklega rætt um kumlategana tvo sem eru innan skipulagssvæðisins. Rannsókn er lokið á öðrum staðnum en hinn er óraskaður og órannsakaður. Ekki eru fyrirhugaðar framkvæmdir á þeim minjastað og er hann merktur sérstaklega á skipulagsuppdrættinum. Í kafla um samgöngur segir að fallið hafi verið frá því að aðal aðkoma verði frá Bakkavegi og gert sé ráð fyrir nýjum hafnarvegi. Einnig segir að rafmagnsstrengur verði lagður frá Dalvíkurlínu að Dysnesi til að tengja svæðið við rafmagn. Bendir stofnunin á að þegar staðsetning Dalvíkurlínu og nýs vegar verður ljós þarf Minjastofnun að meta þörfina á skráningu á þeim svæðum.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að minjaskráning muni fara fram í samræmi við ábendingar Minjastofnunar Íslands og niðurstöður birtar í umhverfismatskýrslu og haft verði fullt samráð við Minjastofnun varðandi aðra þætti framkvæmdarinnar eins og tengingu við flutningskerfi raforku.

Skipulagsstofnun gerir ekki athugasemdir við áform framkvæmdaraðila varðandi mat á áhrifum á menningarminjar en stofnunin vekur athygli á að í umhverfismatskýrslu þurfi að liggja fyrir niðurstöður úr fornleifaskráningu sem hafa verið kynntar fyrir Minjastofnun Íslands.

Samfélag

Í matsáætlun framkvæmdaraðila kemur fram að ætlunin sé að fjalla um áhrif á samfélagið í umhverfismati. Fjallað verður um hvernig uppbyggingu hafnar- og athafnasvæðis verður háttað, um áfangaskiptingu, tímaáætlun, vinnutíma og möguleg tímabundin samfélagsleg áhrif metin og



settar fram mótvægisáðgerðir ef þörf þykir. Í umhverfismatsskýrslu og verður matið byggt á fyrirbyggjandi gögnum.

Skipulagsstofnun gerir ekki athugasemdir við fyrirhugaða umfjöllun í umhverfismatsskýrslu um samfélag, en stofnunin bendir á að í matsáætlun er engin umfjöllun um efnisflutninga. Samkvæmt áætluninni er þó gert ráð fyrir að umtalsvert magn stórgrýtis verði tekið úr námum á landi og því þarf að gera ráð fyrir að umfjöllun um efnisflutninga í umhverfismatsskýrslu.

Hljóðvist

Í matsáætlun framkvæmdaraðila kemur fram að hljóðvist sé umhverfisþáttur sem ekki verður skoðaður frekar í mat á umhverfisáhrifum, þar sem áhrif framkvæmda séu talin engin eða óveruleg.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands er bent á að stofnunin geti ekki tekið undir þetta og telur mikilvægt að skoða þennan umhverfisþátt fyrir mat á umhverfisáhrifum.

Umhverfisstofnun telur að rétt væri að gera grein fyrir umhverfisþættinum hljóðvist í mati á umhverfisáhrifum. Framkvæmdin og uppbygging hafnar og athafnasvæðis kemur að öllum líkindum til með að breyta núverandi hljóðvistarástandi.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að í umhverfismatsskýrslu verður farið yfir mögulega starfsemi og hljóðvist á hafnarsvæðinu.

Í umhverfismatsskýrslu þarf að meta áhrif framkvæmdarinnar á hljóðvist á áhrifasvæði framkvæmdarinnar á bæði framkvæmda- og rekstrartíma og leggja til mótvægisáðgerðir ef þörf krefur.

Strandrof

Skipulagsstofnun bendir á að í matsáætlun er ekki umfjöllun um strandrof. Stofnunin bendir á nauðsyn þess að áhrif framkvæmdanna á öldufar og hugsanlegt strandrof verði metin. Gera þarf grein fyrir því í umhverfismatsskýrslu hvort og þá hvernig það breytist við efnistöku.

Meðhöndlun afrennslis

Skipulagsstofnun bendir á að í matsáætlun er engin umfjöllun um afrennsli frá hafnarsvæðinu. Í umhverfismatsskýrslu þarf að vera ítarleg umfjöllun um fyrirkomulag við frárennsli til sjávar, einkum frá athafnasvæði hafnarinnar og hvernig tryggt verði að ekki berist mengað afrennsli í sjó.

Jarðlög á svæðinu

Í matsáætlun er fjallað um jarðlög á svæðinu, þar sem m.a. fram kemur að Jökulruðningur á svæðinu sé að jafnaði óharðnaður og óvenju ríkur að fínefnum og sé því ekki frostfrír.

Náttúrufræðistofnun bendir á í umsögn sinni að gerð hafi verið úttekt á jarðlögum svæðisins árið 1990 sem sýndu að undir mólendinu í Dysnesi er allnokkur jarðvegsþykkt með jökulruðningi í botni sem sé óvenju ríkur af fínefnum, líklega leir. Vegna þessa sé efnið ekki frostfrítt og ekki góð undirstaða fyrir byggingar¹.

Í ljósi umsagnar Náttúrufræðistofnunar með vísun til fyrri tíma úttektar á jarðlögum svæðisins við Dysnes, telur Skipulagsstofnun ástæðu til þess að framkvæmdaraðili geri ítarlegar grein fyrir þeim annmörkum sem mögulega eru til staðar varðandi uppbyggingu á svæðinu en fram kemur í matsáætlun.

¹ Halldór G. Pétursson, 1990. Byggingarefni í nágrenni Dysness. Skýrsla 7. Unnið fyrir Iðnþróunarfélag Eyjafjarðar. [<https://utgafa.ni.is/skyrslur/1990/NN-skyrsla7.pdf>]



Mótvægisáðgerðir og vöktun áhrifa

Skipulagsstofnun bendir á að í matsáætlun er lítið sem ekkert fjallað um fyrirhugaðar mótvægisáðgerðir og vöktun áhrifa. Brýnt er að fram komi að hversu miklu leyti er komist hjá, komið í veg fyrir, dregið úr eða vegið upp á móti neikvæðum umhverfisáhrifum á framkvæmda- og rekstrartíma.

Reykjavík, 19. júní 2024

Jakob Gunnarsson

Jón Smári Jónsson

